

Áherslur heimastjórnar Arnarfjarðar fyrir fjárhagsáætlun 2027-2030

Umferð og samgöngur

Áhersla á umferðaröryggi:

- Brýnt er að bæta öryggi gangandi vegfarenda um Hafnarbraut með göngustíga/gangstétt.
- Lagfæra þarf gangstétt við Dalbraut 15-21 þar sem steiptur kantur er við það að falla niður í garð við Dalbraut 17.
- Lagfæra þarf gangstétt við gömlu slökkvistöðina þar sem hún er orðin hættuleg gangandi vegfarendum.
- Leggja þarf gangstétt frá Tjarnarbraut 19 og út á Banahlein, þar sem Langahlíð og Tjarnarbraut mætast í norðri.
- Tryggja fjármagn í umferðaröryggi í þorpinu og samstarf við Vegagerðina um innkomu í þorpið t.d með hringtorgi utan við grindahlíð, bæta þarf við fleiri hraðaskiltum og jafnvel hraðamyndavélum og mála hraðamerkingu á götuna við innkomu í þorpið og uppfæra allar merkingar varðandi umferðaröryggi svo ljóst sé á öllum götum hver hámarkshraði er.
- Viðhald á slitlagi og gangstéttum á botnlöngum á Bíldudal, s.s. Kríubakka, Arnarbakka, Gilsbakka, Grænabakka.
- Klára viðhald á Lönguhlíð að Jaðri. Bæta þarf aðgengi viðbragðsaðila en gatan er það þröng að stórir bílar eiga erfitt með að komast.
- Klára veg og lýsingu að fyrirtækjum við Járnhól. Tryggja þarf aðgengi að brunahana og að snjómokstur sé reglulegur.
- Áhersla á að Led ljósvæða þorpið og áhersla á að koma upp lýsingu frá Glaumbæ að Jaðri.
- Yfirfara þarf ljósastaura og stillingar á lýsingu þannig að hún sé í samræmi við birtuskilyrði á hverjum tíma
- Leggja þarf áherslu á endurnýjun vegar inn Arnarfjörð að Dynjandisheiði í samræmi við samgönguáætlun og beita sér fyrir því að framkvæmdir hefjist strax að loknum framkvæmdum á Dynjandisheiði.
- Beita þarf þrýstingi á yfirvöld um að setja upp hindrunarljós í fjöllum við Bíldudalsflugvöll ásamt því að snjómokstur að flugvellinum sé í takt við annan mokstur innan svæðisins, klæðning á veginum á móti Bíldudal er í molum og vegurinn er stórhættulegur á köflum, aðkoma að flugvelli þarf að vera góð vegna neyðartilfella.
- Áframhaldandi uppbygging hleðslustöðva til framtíðar.

Hafnir

- Brýnt er að auka legupláss í Bíldudalshöfn og hefja framkvæmdir á trékanti.

Fræðslumál

- Ljúka þarf frágangi á skólalóð. Brýnt er að leikvöllur og útisvæðið í kringum nýja skólann komi sem fyrst og verði til sóma.
- Hefja þarf vinnu við annan fasa skólabyggingar Bíldudalsskóla svo sveitarfélagið verði undirbúið þegar þörf er á stækkun skólabyggingar.
- Taka þarf ákvörðun um niðurrif á steipta skóla á Dalbraut 2.

Atvinnumál

- Bráðabirgðatjaldsvæði verði sett upp á leikskólalóð við Tjarnarbrekku til að það nýtist fyrir sumarið 2027 t.d. á Grænum baunum.
- Tryggja þarf að aðstaða við tjaldsvæðið sé opnuð fyrr á vorin og lokað seinna á haustin til að fylgja eftir lengri ferðamannatíma. Við þá vinnu þarf að skoða minnispunkta frá umsjónaraðila tjaldsvæðis.
- Tryggja þarf fjármagn í nýtt tjaldsvæði sem hægt verði að taka í notkun fyrir árið 2028.

Æskulýðs- og íþróttamál

- Finna þarf rafíþróttafélaginu langtímahúsnæði. Félagið er til húsa hjá Bjsv. Kóp sem er ekki ákjósanlegt.
- Tryggja sambærilegan opnunartíma og sambærilega þjónustu og í öðrum íþróttahúsum í sveitarfélaginu. Taka skal tillit til álagstíma tjaldsvæðisgesta að kvöldi og snemma morguns.
- Bæta þarf salernisaðstöðu í félagsmiðstöðinni Dímon.
- Tryggja fjármagn í viðhald, búnað og aðstöðu á íþróttahúsinu Byltu. Skipta þarf um gólfefni í salnum.
- Skoða vel þá möguleika að íþróttahús og skóli séu tengd saman til að bæta nýtingu og auka rými skólabarna.
- Efla þarf samstarf sveitarfélagsins við Skógræktarfélag Bíldudals um uppbyggingu gönguleiða.
- Stækka líkamsræktar/tækjasal í takt við aðsókn og notkun. Núverandi salur er löngu sprunginn.
- Halda áfram með áform um uppbyggingu á sundlaug og heitum potti.

Félagsþjónusta

- Tryggja þarf viðhald á byggingu Tjarnarbrautar 11 nú þegar það á að hýsa starfsemi eldri borgara.

Umhverfismál

- Fara þarf í átak í frágangi og fegrun svæða á Bíldudal, hvetja íbúa og fyrirtæki til að taka til í kringum sig með veitingu verðlauna fyrir vel hirt hús og umhverfi.
- Efla þarf vinnuskólann og skýra stefnu hans svo ungmenni upplifi tilgang með starfinu.
- Tryggja fjármagn í umhirðu grænna svæða, klippingu trjáa og runna og sinna svæðum í eigu sveitarfélagsins þannig að til fyrirmyndar sé fyrir íbúa.
- Vinna þarf góðan undirbúning að útboði grænna svæða í sveitarfélaginu þannig tryggt sé að sláttusvæði séu skilgreind í samræmi við þarfir.
- Móta þarf stefnu um ágengar framandi tegundir og þannig hamla frekari útbreiðslu þeirra innan sveitarfélagsins, m.a. skógarkerfil.

Menningarmál

- Bæta aðstöðu í Baldurshaga, sinna þarf viðhaldi hússins og bæta fundaraðstöðu með hljóðkerfi.
- Skoða þarf áframhaldandi gluggaskipti í Baldurshaga.
- Varðveita sögu og menningu Bíldudals með því að hlúa að Gömlu smiðjunni.

- Skoða þarf að byggja við smiðjuna og vera með sögusmiðju og upplýsingar til ferðamanna þar.
- Móta stefnu um safnamál í Vesturbyggð með heildarsýn yfir alla safnastarfsemi.
- Sinna þarf viðhaldi á húsinu Ás og styðja við uppgerð á gömlu rafstöðinni, og tengja þau við menningarminjar og sögu Bíldudals.
- Klára þarf vélarskúrin í kringum vélina sem stendur fyrir utan Gömlu smiðjuna.
- Gera þarf ráð fyrir að starfsmaður verði ráðinn til að sýna Gömlu smiðjuna og segja frá sögu Bíldudals.

Hreinlætismál

- Leggja verður áherslu á að Járnhóll verði tæmdur svo hægt sé að byggja þar upp gámaaðstöðu og ruslamóttöku. Grípa verður til nauðsynlegra aðgerða til að ljúka þessu máli sem allra fyrst.
- Móta þarf framtíðarsýn á fráveitu svæðisins. Óásættanlegt er að skólþ renni óhreinsað út í fjörur þéttbýlisins þar sem börn leika sér.